



Stjórn Reykjaneshafnar

Fundargerð

233. fundur Stjórnar Reykjaneshafnar haldinn miðvikudaginn 25. september 2019 kl. 19:00 á skrifstofu Reykjaneshafnar að Víkurbraut 11, 230 Reykjanesbæ.

Mættir: Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Hanna Björg Kornráðsdóttir aðalmaður, Kristján Jóhannsson aðalmaður, Sigurður Guðjónsson aðalmaður, Úlfar Guðmundsson aðalmaður og Halldór Karl Hermannsson hafnarstjóri.

DAGSKRÁ

1. Stjórn Reykjaneshafnar. (2019090572)

Tölvupóstur frá Reykjanesbæ dags. 23.09.2019 þar sem tilkynnt er að Kolbrún Jóna Pétursdóttir hefði sagt sig úr Stjórn Reykjaneshafnar og Bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefði skipað í hennar stað Kristján Jóhannsson. **Lagt fram til kynningar.**

2. Fjárhagsáætlun Reykjaneshafnar fyrir árið 2020. (2019080704)

Hafnarstjóri fór yfir drög að rekstraráætlun Reykjaneshafnar vegna ársins 2020 ásamt drögum fjárfestingum. **Lagt er til að fyrirbyggjandi drög verði grunnur að áframhaldandi vinnu við gerð fjárhagsáætlun næsta árs. Samþykkt samhljóða.**

3. Starfsmannamál Reykjaneshafnar. (2019060286)

Eftirfarandi var lagt fram: *Vegna alvarlegs skuldavanda Reykjaneshafnar, langvarandi rekstrarvanda og mikils samdráttar í verkefnum hafnarinnar, m.a. vegna gjaldbrots kísilverksmiðju Sameinaðs Sílikon hf. og samdráttar í innflutningi á eldsneyti, hefur verið tekin ákvörðun um hagræðingu í rekstri hafnarinnar. Það felst meðal annars í því að fækka stöðugildum hjá Reykjaneshöfn og endurskipuleggja fyrirkomulag bakvakta úr tvöföldu kerfi í eitt. Lagt er til að samþykkt verði fyrirbyggjandi tillaga hafnarstjóra um hvernig staðið verður að þeirri framkvæmd. Samþykkt samhljóða.*

4. Hafnarsamband Íslands. (2019051158)

Fundargerð 414. fundar Hafnasamband Íslands frá 28.08.2019 ásamt fylgiskjölum. **Lögð fram til kynningar.**

5. Hafnafundur 2019. (2019090574)

Hafnarstjóri kynnti dagskrá Hafnafundur 2019 sem verður haldinn í Þorlákshöfn föstudaginn 27. september 2019. **Lagt er til að hafnarstjóri og stjórnarmenn sæki fundinn. Samþykkt samhljóða.**

6. Siglingarráð. (2019060287)

Fundargerðir Siglingarráðs nr. 14. frá 07.03.2019, nr. 15. frá 10.04.2019 og nr. 16. frá 23.05.2019. **Lagðar fram til kynningar.**

7. Ráðstefnan „Hvað er svona merkilegt við það“. (2019090575)

Hafnarstjóri kynnti dagskrá ráðstefnu Siglingarráðs sem haldin er á alþjóðasiglingardaginn 26. september n.k. í Kaldalóni í Hörpu og er opin öllum. Ráðstefna er helguð konum og á að vekja

athygli á fjölbreyttum atvinnumöguleikum í siglingum sem eru jafnt fyrir konur og karla. **Lagt fram til kynningar.**

8. Fiskistofa. (2019090576)

Tölvupóstur frá Fiskistofu dags. 02.09.2019 þar sem tilkynnt er að Fiskistofa hefur úthlutað aflamarki fyrir fiskveiðiárið 2019-2020. Þar kemur fram að um 16% af úthlutuðu aflamarki er til báta með heimahöfn á Reykjanesin. Af því aflamarki eru bátar með heimahöfn á Reykjanesi fá úthlutað eru bátar með heimahöfn hjá Reykjaneshöfn með um 3% eða um 0,6% af heildarúthlutuninni. **Lagt fram til kynningar.**

9. Togarinn Orlik. (2019070172)

Bréf Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dags. 22.09.2019 þar sem óskað er eftir umsögn Reykjaneshafnar til erindis VSÓ Ráðgjafar fyrir hönd Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur um breytingu á undanþágu frá starfsleyfi til niðurrifs á togaranum Orlik hvað varðar staðsetningu framkvæmdarinnar. Meðfylgjandi er bréf VSÓ Ráðgjafar til ráðuneytisins dags. 20.09.2019 ásamt greinargerð. Eftirfarandi var lagt fram: *Reykjaneshöfn leggst ekki gegn viðkomandi breytingu á undanþágu Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur en gerir kröfu um að skaðleysi Reykjaneshafnar gagnvart framkvæmdinni sé tryggt áður en hún hefst.* **Samþykkt samhljóða.**

10. Reykjanes UNESCO Global Geopark. (2019080705)

Hafnarstjóri fór yfir samstarfssamning við *Reykjanes UNESCO Global GeoPark* sem hann undirritaðir 03.09.2019 fyrir hönd Reykjaneshafnar. Við þá undirritun varð Reykjaneshöfn stoltur samstarfsaðili jarðvangsins og hefur rétt á að tengja sig við merki hans. **Lagt fram til kynningar.**

11. Skemmtiferðaskip. (2019060288)

Hafnarstjóri fór yfir þá vinnu sem unnin hefur verið undir stjórn Markaðsstofu Reykjanes í samstarfi við Reykjanesbæ í að markaðssetja Keflavíkurhöfn fyrir smærri skemmtiferðaskip. Kom þar m.a. fram að Markaðsstofan stóð fyrir vinnustofu 18. september s.l. með hagsmunaaðilum á Reykjanesi í samstarfi við Íslenska Ferðaklasann um tækifæri þau sem fælust í komu smærri skemmtiferðaskipa til hafna á Reykjanesi.

12. Hafnarbraut 2. (2019090577)

Fyrirliggjandi er kaupsamningur dags. 12.09.2019 um fasteingina Hafnarbraut 2 að upphæð kr. 25.000.000.- en Reykjaneshöfn hefur forkaupsrétt á eigninni. *Lagt er til að Reykjaneshöfn falli frá forkaupsrétti vegna ofangreinds kaupsamnings.* **Samþykkt samhljóða.**

13. Upplýsingagjöf hafnarstjóra. (2019051182)

Hafnarstjóri fór yfir stöðu ýmissa mála er varðar starfsemi hafnarinnar.

14. Önnur mál. (2019051178)

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:00

